

Fundargerð 4. fundar

Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundarsalur Þingborg
Fundardagur: Miðvikudagur 22. mars 2023
Fundartími: 16:30 – 18:00

Fundinn sátu: Stefán Geirsson, Guðmundur Bjarnason, Björk Guðbjörnsdóttir

Dagskrá:

1. Lausaganga búfjár í tengslum við úrskurð umboðsmanns og umræðuna undanfarið
2. Hrægámur
3. Erindi frá Dýraverndunarsambandi Íslands

1. Lausaganga búfjár

Í ljósi umræðu um ágang búfjár sem var til umfjöllunar í álitum umboðsmanns Alþingis frá 11. október 2022, leggur nefndin til við sveitarstjórn að gefa út leiðbeinandi upplýsingar til búfjár- og landeigenda í sveitarfélaginu á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda um málefnið.

Helstu lög og samþykktir sem gilda um búfjárhald (listinn er ekki tæmandi):

- Lög um búfjárhald
 - <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013038.html>
- Girðingalög
 - <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2001135.html>
- Reglugerð um girðingar
 - <https://island.is/reglugerdir/nr/0748-2002>
 - <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/930-2012>
 - <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/innanrikisraduneyti/nr/20706>
- Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.
 - <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1986006.html>
- Fjallaskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna
 - <https://www.floahreppur.is/static/files/samtykktir/12.a-fjallaskilasamthykkt-nr.-844-2022.pdf>

2. Hrægámur

Nefndin leggur til að sveitarstjórn kanni möguleikann á því að reka hræsöfnunarbíl sem myndi keyra reglulega um sveitarfélagið og safna dýrahæjum. Gjald vegna hirðingar mætti innheimta í samræmi við fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar líkt og gert er t.d. í sveitarfélaginu Dalabyggð, sjá <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=04923e0c-22ba-4b78-8191-03676a52e669>. Nefndin telur að með þessu fyrirkomulagi mætti draga verulega úr ólöglegri urðun dýrahæja sem og leysa vandamál sem verið hafa með hrægáminn.

3. Erindi frá Dýraverndunarsambandi Íslands

Erindi frá Dýraverndunarsambandi Íslands um aðstoð við villta fugla í vetrarhörkum var lagt til kynningar fyrir nefndina.

4. Önnur mál

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Stefán Geirsson
Guðmundur Bjarnason
Björk Guðbjörnsdóttir